Nr. 1253 21. október 2024

# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Félagsvísindabraut, hæfniþrep 3 | (24-564-3-6) |
| Náttúruvísindabraut, hæfniþrep 3 | (24-565-3-6) |
| Opin stúdentsbraut, hæfniþrep 3 | (24-566-3-6) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 21. október 2024.*

F. h. r.

**Anna Tryggvadóttir.**

*Nanna Kristjana Traustadóttir.*